# Ársskýrsla

## Fangelsismálastofnunar ríkisins

## 2001

Desember 2002

## Efnisyfirlit

**FORMÁLI** ... 7

**I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS** ... 9

I.1. REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN ... 10

*Yfirstjórn* ... 11

I.2 FANGELSIN ... 11

*Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu* ... 11

*Fangelsið Litla-Hrauni* ... 12

*Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni* ... 13

*Fangelsið Kvíabryggju* ... 13

*Fangelsið Akureyri* ... 14

I.3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS ... 14

**II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR** ... 14

II. 1 LEYFI ÚR REFSIVIST ... 14

II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST ... 15

II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST ... 16

**III. FULLNUSTA REFSIDÓMA** ... 16

III. 1. AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND ... 16

III. 2. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA ... 17

III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU ... 22

*Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1997 - 2001* ... 27

*Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1997 - 2001* ... 28

*Tafla 2.1 SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐSBUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1997 - 2001* ... 29

*Tafla 2.2 SKIPTING DÓMÞOLA SEM AFPLÁNA VARAREFSINGU FÉSEKTA OG FJÖLDI ÞEIRRA SEM SÆTA GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1997 - 2001* ... 29

*Tafla 3a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 - 2001* ... 30

*Tafla 3b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 - 2001* ... 30

*Tafla 4a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1997 - 2001* ... 31

*Tafla 4b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 - 2001* ... 31

*Tafla 5* *FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDSREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1997 - 2001* ........ 32
*Tafla 6a)* *FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1997 - 2001* ........ 32
*Tafla 6b)* *KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1997 - 2001* ........ 32
*Tafla 7* *FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1997 - 2001* ........ 33
*a) Ástæða losunar* ........ 33
*b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður* ........ 33
*c) Lengd afplánunar* ........ 33
*d) Skipting eftir kynjum* ........ 33
*Tafla 8* *DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1997 – 2001 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1997 - 2001* ........ 34
*a) Fjöldi afplánunardaga* ........ 34
*b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga* ........ 35
*c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta* ........ 35
*d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag* ........ 36
*e) Nýting* ........ 36
*Tafla 9* *NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1997 - 2001* ........ 36
*Tafla 10* *VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1997 - 2001* ........ 37
*Tafla 11* *SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1997 - 2001 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM* ........ 37
*Tafla 12* *SEKTARDÓMAR ÁRIN 1997 - 2001 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM* ........ 38
*Tafla 13* *ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1997 - 2001 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM* ........ 38

III. 4. FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM - VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ ........ 39
A. Fésektir samkvæmt dómum ........ 39
B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum ........ 39
C. Viðurlagaákvarðanir ........ 39
D. Árituð sektarboð ........ 39

**IV. ÁKÆRUFRESTANIR** ........ **40**
*Tafla 14 AFBROT* ........ 42
*Tafla 15 NÁM OG STARF* ........ 42
*Tafla 16 ALDUR* ........ 42
*Tafla 17 BÚSETA* ........ 43
*Tafla 18 MENNTUN* ........ 43
*Tafla 19 HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA* ........ 43

**V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA** ........ **44**

**SKILORÐSEFTIRLIT** ........ **45**
Inngangur ........ 45
Ágrip af sögu skilorðseftirlits á Íslandi ........ 45

*1. Skilorðseftirlit ríksins* ... 45
*2. Breytingar í kjölfar nýrra laga* ... 46
*3. Núverandi staða* ... 46
Skilorðseftirlit Fangelsismálastofnunar – markmið og framkvæmd ... 46
*1. Eftirlit með ungmennum sem ákæru hefur verið frestað gegn* ... 47
*2. Eftirlit með einstaklingum sem veitt hefur verið reynslulausn eða náðun skilorðsbundið í tiltekinn tíma.* ... 48
*3. Eftirlit með einstaklingum sem dæmdir hafa verið skilorðsbundið og frestun á fullnustu refsingarinnar er bundin sérstökum skilyrðum samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga* ... 48
*4. Eftirlit með þeim er afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu* ... 49
*5. Eftirlit með einstaklingum sem afplána fangelsisrefsingu á Áfangaheimili Verndar* ... 49
Lokaorð ... 50
Heimildir ... 50

**STATISTICAL INFORMATION FROM THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) REGARDING PRISON SENTENCES, FINES AND COMMUNITY SERVICE** . . . . . . . . . . . . . . . .51

| | | | |
|---|---|---|---|
| Table | 1.1 | PENALTIES IMPLEMENTED BY THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) IN 1997 – 2001 | 52 |
| Table | 1.2 | PENALTIES RECEIVED BY THE PPA FOR ENFORCEMENT, RELATING TO PERSONS BETWEEN THE AGES OF 15 – 17 YEARS | 53 |
| Table | 2.1 | CATEGORISATION OF PERSONS WHO HAVE BEEN SENTENCED TO A PRISON TERM AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2001 | 54 |
| Table | 2.2 | NUMBER OF PRISONERS SERVING PRISON TERMS INSTEAD OF FINES OR ARE IN REMAND CUSTODY AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2001 | 54 |
| Table | 3a) | CLASSIFICATION OF PRISONERS WHO COMPLETED A PRISON TERM OR WERE IN PRISON AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2001 | 55 |
| Table | 3b) | CLASSIFICATION OF PERSONS WHO COMPLETED, FAILED OR WERE ENGAGED IN COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2001 | 55 |
| Table | 4a) | PRISON POPULATION BY OFFENCE GROUP 1997 – 2001 | 56 |
| Table | 4b) | CATEGORISATION OF OFFENCES AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2001 OF PERSONS WHO HAD COMPLETED, FAILED TO COMPLETE OR WERE SERVING COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT | 56 |
| Table | 5 | LENGTH OF PRISON TERMS RECEIVED FOR IMPLEMENTATION 1997 – 2001 | 57 |
| Table | 6a) | NUMBER OF SENTENCED PERSONS GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1997 – 2001 | 57 |
| Table | 6b) | CATEGORISATION BY GENDER OF SENTENCED PERSON GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1997 – 2001 | 57 |
| Table | 7 | PRISONERS DISCHARGED FROM PRISON 1997 – 2001 | 58 |
| Table | 8 | NUMBER OF DAYS SERVED DURING 1997 – 2001 – UTILISATION OF PRISON PLACES DURING 1997 – 2001 | 59 |
| Table | 10 | RELEASES ON PROBATION 1997 – 2001 | 62 |
| Table | 11 | CONDITIONALLY SUSPENDED SENTENCES RECEIVED BY THE PPA 1997 – 2001 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE | 62 |
| Table | 12 | FINES RECEIVED BY THE PPA 1997 – 2001 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE | 63 |
| Table | 13 | UNCONDITIONAL IMPRISONMENT RECEIVED BY THE PPA 1997 – 2001 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE | 63 |

# Formáli

Í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2001 er með hefðbundnum hætti gerð grein fyrir starfsemi og verkefnum stofnunarinnar. Í upphafi er gerð grein fyrir fjárhag og starfsemi fangelsiskerfisins. Þar kemur m.a. fram að verulegur halli var á rekstri fangelsiskerfisins á árinu. Þær ástæður fyrir hallarekstri sem vega þyngst eru að föngum fjölgaði verulega frá árinu á undan og sértekjur lækkuðu mjög mikið vegna samdráttar í framleiðslu á bílnúmerum vegna minni innflutnings á bifreiðum. Að öðru leyti má segja að rekstur og starfsemi fangelsanna hafi verið með hefðbundnum hætti.

Í skýrslunni eru ítarlegar tölulegar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar. Frá árinu 1996 til ársins 2000 fækkaði föngum verulega á milli ára. Árið 1996 voru 125 fangar að meðaltali á dag en árið 2000 voru þeir einungis 92. Árið 2001 fjölgaði föngum verulega frá árinu á undan og voru þeir 107 að meðaltali á dag. Árið 1995 afplánuðu um 10% af föngum refsingar fyrir fíkniefnabrot, en slíkum föngum hefur fjölgað hlutfallslega á hverju ári og eru nú tæp 30%. Þá fjölgaði útlendingum sem afplána fangelsisrefsingu verulega frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Loks er í skýrslunni grein um skilorðseftirlit. Þar er gerð grein fyrir sögu skilorðseftirlits hér á landi, um markmið og framkvæmd skilorðseftirlits Fangelsismálastofnunar og í niðurlagi er fjallað um nokkur atriði sem geta orðið til að styrkja skilorðseftirlit.

Þorsteinn A. Jónsson.

# I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS

Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir því að heildarútgjöld fangelsiskerfisins til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsanna svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma yrðu 564,7 m.kr. á móti 552,2 m.kr. á árinu 2000. Gert var ráð fyrir að aflað yrði sértekna að upphæð 59,4 m.kr. þannig að framlag til stofnunarinnar var 505,3 m.kr. en árið 2000 var framlagið 495,1 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga áranna 2000 og 2001 (í m.kr.):

| | 2000 | 2001 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Heildargjöld: | 552,2 | 564,7 | 12,5 |
| Sértekjur: | -57,1 | -59,4 | -2,3 |
| **Framlag:** | **495,1** | **505,3** | **10,2** |

Skýringu hækkunar framlags í fjárlögum má finna í því að gert var ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til að bæta við starfsmanni í skilorðseftirlit auk þess sem til komu launa- og verðlagsbreytingar milli áranna. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir að hagræðing í rekstri stofnunarinnar leiddi til 8,3 m.kr. lækkunar á útgjöldum, auk þess sem launaliður var lækkaður um 1,4 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi fjármögnunar á fæðingarorlofi starfsmanna.

Þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarafgangs ársins á undan urðu endanlegar fjárheimildir Fangelsismálastofnunar á árinu 2001, 547.064 þús.kr. Greiðslustaða í árslok var aftur á móti 592.734 þús.kr. eða 45.670 þús.kr. umfram heimildir. Til samanburðar var endanleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 2000, 517.235 þús.kr. en greiðslustaða í árslok 490.971 þús.kr. eða 26.264 þús.kr. innan heimilda. Eftirfarandi tafla sýnir fjárheimildir, gjöld og sértekjur svo og greiðslustöðu í árslok fyrir árin 2000 og 2001 (í þús.kr.):

| | 2000 | 2001 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Fjárheimildir: | 517.235 | 547.064 | 29.829 |
| Heildarútgjöld: | 569.279 | 638.943 | 69.664 |
| Sértekjur: | -78.308 | -46.209 | 32.099 |
| Gjöld umfram sértekjur: | 490.971 | 592.734 | 101.763 |
| **Greiðslustaða í árslok:** | **26.264** | **-45.670** | **-71.934** |

Rekstrarafgangur fangelsiskerfisins á árinu 2000 skýrðist einna helst af fækkun fanga sem og öflun sértekna umfram fjárlög. Á árinu 2001 varð veruleg aukning í fjölda fanga og voru að meðaltali 15 fleiri fangar í fangelsum ríkisins á árinu 2001 miðað við árið á undan. Þar að auki varð hrun í öflun sértekna sem fyrst og fremst skýrðist af því að gríðarlegur samdráttur varð í framleiðslu bílnúmeraplatna í Fangelsinu Litla-Hrauni í samræmi við minni innflutning bifreiða á árinu. Sértekjur fangelsiskerfisins milli áranna 2000 og 2001 lækkuðu um rúmar 32 m.kr. eða úr rúmum 78,3 m.kr. í 46,2 m.kr. Þannig urðu sértekjur ársins 2001 tæpum 13,2 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessi niðurstaða auk fjölgunar fanga voru meginástæður þess að rekstur fangelsiskerfisins fór fram úr fjárlögum.

## I.1. REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN

Neðangreindar töflur sýna rekstrarkostnað einstakra liða innan fangelsiskerfisins árin 2000 og 2001 (í þús.kr.):

**2001**

| Stofnun: | Rekstrarkostnaður | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 73.873 | -3 | 73.870 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 144.469 | -3.808 | 140.661 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 327.382 | -33.069 | 294.313 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 54.262 | -9.302 | 44.960 |
| Fangelsið Akureyri | 20.812 | -27 | 20.785 |
| Ýmis fangamál | 6.416 | 0 | 6.416 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 6.675 | 0 | 6.675 |
| Viðhald | 2.528 | 0 | 2.528 |
| Stofnkostnaður | 2.526 | 0 | 2.526 |
| **Samtals:** | **638.943** | **46.209** | **592.734** |

**2000**

| Stofnun: | Rekstrarkostnaður | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 72.004 | -526 | 71.478 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 119.252 | -5.563 | 113.689 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 280.626 | -64.597 | 216.029 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 48.943 | -7.580 | 41.363 |
| Fangelsið Akureyri | 16.555 | 0 | 16.555 |
| Ýmis fangamál | 6.906 | 0 | 6.906 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 7.754 | 0 | 7.754 |
| Viðhald | 12.667 | -42 | 12.625 |
| Stofnkostnaður | 4.572 | 0 | 4.572 |
| **Samtals:** | **569.279** | **-78.308** | **490.971** |

Neðangreind tafla sýnir breytingar í rekstrarkostnaði einstakra liða milli áranna 2000 og 2001 (í þús.kr.). Ef sértekjur hafa lækkað er það táknað með mínus fyrir framan töluna:

**Breytingar:**

| Stofnun: | Rekstrarkostnaður | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 1.869 | -523 | 2.392 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 25.217 | -1.755 | 26.972 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 46.756 | -31.528 | 78.284 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 5.319 | 1.722 | 3.597 |
| Fangelsið Akureyri | 4.257 | 27 | 4.230 |
| Ýmis fangamál | -490 | 0 | -490 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | -1.079 | 0 | -1.079 |
| Viðhald | -10.139 | -42 | -10.097 |
| Stofnkostnaður | -2.046 | 0 | -2.046 |
| **Samtals:** | **69.664** | **-32.099** | **101.763** |

***Yfirstjórn***

Heildarútgjöld yfirstjórnar jukust um rúmar 1,8 m.kr. milli áranna 2000 og 2001. Launaútgjöld jukust að vísu talsvert milli áranna, meðal annars í kjölfar kjarasamningsbreytinga en á móti kom að á árinu 2000 höfðu átt sér stað tilfallandi útgjöld vegna eignakaupa sem ekki féllu til aftur á árinu 2001. Að öðru leyti var rekstur yfirstjórnar tiltölulega óbreyttur milli áranna 2000 og 2001.

## I.2 FANGELSIN

Á árinu 2001 fjölgaði föngum allnokkuð eða um 15 að meðaltali á dag. Slík fjölgun hefur óneitanlega áhrif á rekstur fangelsiskerfisins eins og sjá má á rekstrarniðurstöðu ársins. Auk þess breyttust ýmsar aðrar rekstrarforsendur fangelsiskerfisins á árinu 2001 og má þar sem dæmi nefna lækkun sértekna, hækkun launa og aukinn kostnað í einingarverði fangafæðis. Verður nú stuttlega gerð grein fyrir rekstri fangelsanna á árinu 2001.

***Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu***

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Fangelsið Kópavogsbraut 17. Einnig heyra undir fangelsin á höfuðborgarsvæðinu flutningsdeild þar sem starfa tveir starfsmenn og skrifstofa þar sem starfar einn skrifstofumaður auk forstöðumanns sem veitir báðum fangelsunum forstöðu. Í Hegningarhúsinu störfuðu um áramót 10 fastir fangaverðir auk afleysingamanna og starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 voru um áramót starfandi 9 fastir fangaverðir, auk afleysingamanna og starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar.

Föngum í Fangelsinu Kópavogsbraut hefur gefist kostur á að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Hafa kennarar þaðan komið í fangelsið til að kenna. Alls stunduðu 6 fangar nám á árinu 2001.

Heildarútgjöld fangelsa á höfuðborgasvæðinu jukust um rúmar 25 m.kr. milli áranna 2000 og 2001. Af þeirri upphæð voru rúmar 14 m.kr. vegna aukinna launaútgjalda. Eins og áður höfðu launahækkanir áhrif á útgjöld fangelsiskerfisins. Samið var um launahækkanir í öllum kjarasamningum auk þess sem kerfisbreyting á fyrirkomulagi vaktaálagsgreiðslna kallaði á veruleg útgjöld en stærstur hluti starfsmanna í fangelsum ríkisins vinnur á vöktum.

Fyrir utan launahækkanir í kjölfar kjarasamninga varð talsverð aukning í launaútgjöldum fangelsa á höfuðborgarsvæðinu vegna afleysinga fyrir starfsmenn í langtímaveikindum. Auk þess sóttu tveir starfsmenn af höfuðborgarsvæðinu Fangavarðaskóla ríkisins og myndaðist því kostnaður vegna afleysinga fyrir þá.

Kostnaður vegna fæðis fanga í fangelsum ríkisins jókst á árinu 2001, annars vegar vegna fjölgunar fanga og hins vegar vegna verðhækkana á mat. Í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu varð aukning matarkostnaðaðar um 3,7 m.kr. frá því sem var á árinu 2000. Þar af var hækkun vegna verðhækkana um 2,7 m.kr.

Á árinu 2001 var fangaflutningabifreið fangelsa á höfuðborgarsvæðinu endurnýjuð og sú sem fyrir var send vestur á Kvíabryggju til endurnýjunar á þeim bíl sem þar var í notkun.

Sértekjur fangelsa á höfuðborgarsvæði drógust þó nokkuð saman milli áranna 2000 og 2001. Vinna á höfuðborgarsvæðinu hefur fyrst og fremst farið fram í Fangelsinu Kópavogsbraut 17. Vinna fanga þar felst aðallega í ýmsum smáverkefnum fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en einnig er rekið þvottahús í fangelsinu. Sértekjur ársins 2001 voru um 3,8 m.kr. á móti ríflega 5,5 m.kr. sértekjum á árinu 2000.

***Fangelsið Litla-Hrauni***

Um áramót störfuðu 56 starfsmenn við Fangelsið Litla-Hrauni. Á skrifstofu fangelsisins störfuðu auk forstöðumanns, 4 deildarstjórar og 2 skrifstofumenn. Við fangavörslu og verkstjórn voru alls 49 starfsmenn að meðtöldum afleysingamönnum. Auk þess var sálfræðingur í fullu starfi við fangelsið.

Heildarútgjöld Fangelsisins Litla-Hrauni jukust verulega milli áranna 2000 og 2001 eða um rúmar 46,7 m.kr. Þar af voru aukin útgjöld vegna launa um 30 m.kr. Stærstan hluta þeirrar hækkunar má skýra með kjarasamningshækkunum og kerfisbreytingum í vaktaálagi. Auk þess voru 7 fangaverðir frá Fangelsinu Litla-Hrauni í Fangavarðaskólanum á haustönn 2001. Til viðbótar þessu er ein skýringin sú að á árinu 2000 var einni byggingunni, svokölluðu Húsi 3, sem í eru 22 fangapláss, lokað frá sumarbyrjun og fram í september í sparnaðarskyni en slíkt var framkvæmanlegt með hliðsjón af fangafjölda á árinu 2000. Á árinu 2001 var fangafjöldinn þannig að byggingin var opin allt árið og þurfti því mun fleiri afleysingamenn til starfa yfir sumarmánuðina en verið hafði árið áður og reyndar einnig á árinu 1999. Þetta hafði einnig talsverð áhrif á launaútgjöld fangelsisins.

Fæðiskostnaður í Fangelsinu Litla-Hrauni jókst um rúmar 14 m.kr. frá því sem verið hafði á árinu 2000. Þar af var aukning vegna verðhækkana um 7,3 m.kr. Mismuninn má skýra með fjölgun fanga en föngum í Fangelsinu Litla-Hrauni fjölgaði að meðaltali um 12 á dag miðað við árið 2000.

Á árinu 2001 var fangaflutningabifreið Fangelsisins Litla-Hrauni endurnýjuð og er þá bílafloti fangelsisins í góðu ásigkomulagi.

Ekki var ráðist í neinar stórframkvæmdir eða viðhaldsverkefni á húsakosti fangelsisins á árinu 2001 en þeim hafði að mestu verið lokið á árunum 1999 og 2000. Engu að síður koma alltaf upp tilfallandi og óhjákvæmileg viðhaldsverkefni á húsnæði og búnaði fangelsisins á hverju ári og sýnir reynslan að slíkt viðhald kostar að jafnaði um 10-12 m.kr. á ári hverju. Þessi kostnaður hefur verið greiddur af rekstrarfé fangelsisins.

Sértekjur Fangelsisins Litla-Hrauni tóku miklum breytingum á árinu 2001 frá því sem verið hafði nokkur undangengin ár. Uppistaða sérteknanna eru tekjur af framleiðslu bílnúmeraplatna. Á árinu 2001 voru framleiddar rúmar 26.600 bílnúmeraplötur en á árinu 2000 var framleiðslan rúmar 47.600 plötur. Framleiðslan dróst því saman um rúmar 21.000 plötur. Til samanburðar var framleiðsla bílnúmeraplatna á árinu 1999 um 53.800 plötur. Þessi samdráttur í framleiðslu bílnúmeraplatna milli áranna 2000 og 2001 hafði þau áhrif

að sértekjur fangelsisins vegna framleiðslu bílnúmeraplatna drógust saman um rúmar 23,8 m.kr. og voru um 21,2 m.kr. samanborið við rúmar 45 m.kr. á árinu 2000. Í heild lækkuðu sértekjur fangelsisins um rúmar 31,5 m.kr. milli áranna 2000 og 2001 en á árinu 2001 voru sértekjur fangelsisins um 33 m.kr. samanborið við rúmar 64,5 m.kr. á árinu 2000. Þessi breyting í öflun sértekna varð til þess að gjöld fangelsisins umfram sértekjur jukust um rúmar 78 m.kr. milli áranna 2000 og 2001. Annað vinnuframboð var nokkuð svipað milli áranna og má þar til dæmis nefna vinnu við skrúfbútaframleiðslu, brettasmíði, gluggasmíði, steypuvinnu og öskjugerð. Auk þess er þvottahús á staðnum og jafnframt er reynt að útvega föngum vinnu við endurbætur og almennt viðhald á fangelsisbyggingum.

***Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni***

Eins og áður var skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands. Skólahald vorannar hófst þann 8. febrúar eða mánuði síðar en venjulega þar sem verkfall á haustönn 2000 seinkaði skólahaldi. Alls innrituðust 26 nemendur á vorönn en að lokum voru það 12 nemendur sem þreyttu samtals 66 próf upp á samtals 148 einingar. Var námsárangurinn nokkuð góður og kom til að mynda einkunnin 10 þrisvar fyrir og einkunnin 9 sjö sinnum.

Haustönn hófst þann 27. ágúst. Alls innrituðust 32 nemendur í skólann og er það metaðsókn. Í þeim hópi voru 5 erlendir ríkisborgarar og er það einnig nýlunda að svo margir erlendir fangar innritist til náms. Á þessari námsönn þreyttu 16 nemendur próf og var lokið við 101 einingu með ágætis árangri. Einn nemandi lauk stúdentsprófi af viðskipta- og hagfræðibraut með góðum árangri. Kennslugreinar og áfangar bæði á vorönn og haustönn voru óvenju margir og voru 9 fastir kennarar sem sinntu kennslu auk stundakennara sem komu til aðstoðar bæði við hefðbundna kennslu og fjarkennslu.

***Fangelsið Kvíabryggju***

Um áramót voru 8 starfsmenn starfandi við Fangelsið Kvíabryggju. Það voru, auk forstöðumanns, 6 fangaverðir og 1 starfsmaður í eldhúsi.

Heildarútgjöld fangelsisins jukust um rúmar 5,3 m.kr. Ástæðan var fyrst og fremst aukin launaútgjöld í kjölfar kjarasamningshækkana og breytinga á vaktaálagi. Matarkostnaður hækkaði einnig en þó lítillega þrátt fyrir fjölgun fanga. Ástæðan er einna helst sú að Fangelsið Kvíabryggju er eina fangelsið sem rekur sjálft eldhúsið þannig að sérstakir starfsmenn á vegum fangelsisins elda matinn. Þannig reiknast ekki launakostnaður eða kostnaður við rekstur á tækjum og húsnæði inn í verð matarins líkt og gerist í hinum fangelsunum. Þar er matur aðkeyptur þó með því fyrirkomulagi annars vegar að á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri kemur aðkeyptur bakkamatur í fangelsin en í Fangelsinu Litla-Hrauni er eldhúsið rekið á grundvelli útboðs og er sérstakur rekstraraðili sem sér um alla þætti þess.

Fangelsið Kvíabryggju er opnara fangelsi en önnur en þar eru hvorki rimlar fyrir gluggum né fangelsisgirðingar. Þó nokkur vinna fer fram á staðnum og hafa starfsmenn fangelsisins verið ötulir við að afla nýrra atvinnutækifæra. Vinnan sem fram fer á staðnum felst aðallega í beitningu, netavinnu, heyskap, fiskikaraviðgerðum og brettasmíði auk tilfallandi starfa á jörðinni sjálfri og við viðhald húseigna. Sértekjur fangelsisins jukust um rúmar 1,7 m.kr. á árinu 2001 sem einna helst skýrist af aukningu í karaviðgerðum, brettasmíði og netavinnu. Aftur á móti dró þó nokkuð úr beitningu. Það skal tekið fram að eins og í ársskýrslum síðustu ára, er í umfjöllun um þau fangelsi er afla sértekna, ekki gerð sérstök grein fyrir útgjöldum vegna framleiðslunnar.

Á árinu 2000 var hafist handa við að reisa viðbyggingu við Fangelsið Kvíabryggju sem ætlað var að hýsa náms- og viðtalsaðstöðu sem og íþrótta- og tómstundaaðstöðu fyrir

fanga. Í mars 2001 var þessi viðbygging svo tekin í notkun og hefur aðstaðan þar mælst einkar vel fyrir, þó sérstaklega stórbætt aðstaða fanga til íþróttaiðkunar.

***Fangelsið Akureyri***

Fangelsið Akureyri er starfrækt í húsnæði lögreglunnar á Akureyri og hefur svo verið frá því 1978. Fjórir fangaverðir eru starfandi við fangelsið en aðstoðaryfirlögregluþjónn sér um daglegan rekstur. Vinna fanga felst í því að sjá um þrif og alla þvotta og að sinna léttu viðhaldi þegar það fellur til. Á haustdögum 2001 var hafist handa við tilraun með öskjugerð í fangelsinu í þeim tilgangi að auka atvinnutækifæri fanga þar. Hafa tveir fangar haft vinnu við öskjugerðina í 2-3 tíma á dag.

Hjá Fangelsinu Akureyri jukust útgjöld um rúmar 4 m.kr. milli áranna 2000 og 2001 og liggur meginskýring þeirrar hækkunar í auknum launaútgjöldum. Á árinu 2001 var fangelsinu aftur lokað í sex vikur yfir sumartímann, líkt og gert var árið 2000 og 1999. Þar af leiðandi þurfti ekki að ráða sumarafleysingamenn til starfa. Aftur á móti sóttu tveir fangaverðir nám í Fangavarðaskólanum og þurfti því að ráða afleysingamenn vegna þeirra.

## I.3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Grunnnámskeið samkvæmt reglugerð um menntun fangavarða var haldið á haustönn 2001 á vegum Fangavarðaskóla ríkisins. Stóð það yfir frá 1. október til 19. desember eða í 12 vikur. Alls voru 11 nemendur við nám á þessari önn og komu sjö þeirra frá Fangelsinu Litla-Hrauni, tveir frá fangelsum á höfuðborgarsvæðinu og tveir frá Fangelsinu Akureyri. Sú nýbreytni varð í skólahaldinu að samningar tókust við Lögregluskóla ríkisins um að Fangavarðaskólinn fengi til afnota sérstaka kennslustofu í húsnæði Lögregluskólans að Krókhálsi og aðgang að annarri kennslu- og kennaraaðstöðu skólans. Þrátt fyrir alllangan starfstíma hefur Fangavarðaskólinn aldrei átt fastan samastað fyrir utan gamla dómssalinn í Hegningarhúsinu þar sem ekki geta verið nema u.þ.b. 8 nemendur í senn. Í upphafi voru námskeiðin haldin í Lögreglustöðinni Hverfisgötu, eitt árið hjá Námsflokkum Reykjavíkur í Miðbæjarskólanum og síðast 1999 til 2000 var leigð aðstaða af Tölvuskólanum í Borgartúni. Það var samdóma álit þeirra sem að skólahaldinu komu að samstarfið við Lögregluskólann hefði tekist vel og að mjög ákjósanlegt væri að öll kennsla,- bókleg, verkleg, æfingar, líkamsrækt, tölvukennsla og annað færi fram á sama stað við bestu aðstæður. Samtals urðu kennslustundir 400 talsins og skiptust þær niður á 16 greinar, sem að vísu báru mismikið vægi eða allt frá 2 kennslustundum upp í 50 stundir. Alls komu 13 kennarar eða leiðbeinendur að þessari kennslu. Námsárangur var góður sem meðal annars sést á því að meðaleinkunn yfir allan hópinn var 7,80. Enginn nemandi á önninni fékk falleinkunn í neinu fagi.

# II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

## II. 1 LEYFI ÚR REFSIVIST

Eins og getið var um í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2000 var reiknað með því að dagsleyfum fanga færi fjölgandi vegna þess að smám saman hefur langtímaföngum fjölgað í fangelsunum. Á árinu 2001 var 34 föngum veitt samtals 107 dagsleyfi án fylgdar. Til samanburðar má geta þess að á árinu 2000 fengu 28 fangar 61 slíkt leyfi. Leyfi

þessi eru 14 klst. frá kl. 08.00-22.00 og eru háð ströngum skilyrðum. Dagsleyfin eru eitt af þeim úrræðum sem fangelsisyfirvöld nota til þess að búa langtímafanga fyrir komu út í hið frjálsa samfélag á ný. Þá fá fangar í vissum tilvikum leyfi í fylgd fangavarða þegar um er að ræða veikindi í fjölskyldu þeirra, fermingu eða skírn barna þeirra eða þegar aðrar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Samkvæmt reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 er heimilt að veita fanga dagsleyfi án fylgdar þegar hann hefur afplánað 1/3 hluta dæmds refsitíma, þó ekki eftir skemmri tíma en eitt ár. Fangar sem afplána styttri refsingar fá því engin dagsleyfi. Hegðun fanga verður að hafa verið góð í fangelsinu til þess að slíkt leyfi sé veitt. Fangar sem uppfylla skilyrði fá dagsleyfi á tveggja mánaða fresti fyrsta árið sem leyfi er veitt en einu sinni í mánuði eftir það. Lítið er um að fangar misnoti leyfi þessi enda falla þau þá niður í 6-12 mánuði. Af 107 leyfum á árinu 2001 er misnotkun þrívegis skráð, einn fangi skilaði sér ekki aftur í fangelsi á réttum tíma, en tveir reyndust hafa neytt vímugjafa við komu í fangelsið.

## II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST

Á árinu var 28 föngum gefinn kostur á að ljúka afplánun í meðferð á sjúkrastofnunum SÁÁ. Slík meðferð er yfirleitt miðuð við sex vikur, en einstaka fangi var þó lengri tíma í meðferð. Átján þessara fanga luku meðferð að fullu en tíu voru vistaðir aftur í fangelsi, fimm að eigin ósk og fimm vegna agabrota.

Samtals hafa 246 fangar farið til meðferðar hjá SÁÁ frá 1990 og hafa 179 eða 73% lokið meðferð en 67 eða 27% verið vistaðir aftur í fangelsi. Súluritið hér að aftan sýnir þessa þróun frá upphafi. Aðrar endurhæfingarstofnanir svo sem Hlaðgerðarkot hafa einnig tekið við föngum til meðferðar.

Þá er rétt að geta þess að menn frá AA-samtökunum hafa um margra ára skeið haldið reglulega fundi með föngum sem þess óska í öllum fangelsunum.

**Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefna-meðferð í refsivist árin 1990 - 2001**



## II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST

Á seinni árum hefur verið lítið um strok eða tilraunir til slíks. Ein tilraun er skráð til stroks á árinu 2001. Fangi komst yfir girðingu í Fangelsinu Litla-Hrauni en var strax handsamaður. Súluritið sýnir þróunina frá 1986.

**Strok og stroktilraunir úr refsivist árin 1986 - 2001**




# III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

## III. 1. AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND

Á árinu voru 43 fangar vistaðir á áfangaheimili Verndar í Reykjavík síðustu mánuði afplánunartímans og stunduðu þeir þaðan vinnu eða nám. Er þetta svipaður fjöldi og árin á undan. Með þessu móti er dómþolum gefinn kostur á að ljúka afplánun utan fangelsis og aðlagast þannig þjóðfélaginu smám saman. Þessir einstaklingar greiða sjálfir fyrir fæði og húsnæði til Verndar, enda eru þeir flestir í fullri vinnu. Þeir greiða einnig skatta og önnur gjöld eins og hver annar þjóðfélagsþegn. Ströng skilyrði eru sett fyrir slíkri vistun og er þeim fylgt vel eftir.

Sex áðurgreindra fanga voru vistaðir aftur í fangelsi vegna agabrota en 37 stóðust öll sett skilyrði fyrir dvölinni.

Samtals hefur 303 föngum verið gefinn kostur á vistun hjá Vernd frá árinu 1995 og hafa 258 þeirra, eða 85% staðist sett skilyrði en 45, eða 15% rofið skilyrði og verið vistaðir aftur í fangelsi.

Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1995.

**Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995 - 2001**




## III. 2. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Á árinu 2001 fjölgaði umsóknum um samfélagsþjónustu enn meira en milli áranna 1999 og 2000 og er fjölgunin aðallega vegna umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga, en eins og fram kom í ársskýrslu frá árinu 2000 var tekin upp sú nýbreytni, frá 1. janúar 2000, að heimila manni, sem fésekt innheimtist ekki hjá og lögreglustjóri hefur ákveðið að skuli afplána vararefsingu hennar, að afplána vararefsingu fésektar með samfélagsþjónustu, að uppfylltum vissum skilyrðum. Á árinu bárust 130 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, þar af 3 beiðnir um endurupptöku og 163 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar, þar af 3 beiðnir um endurupptöku og 1 þar sem kærð ákvörðun Fangelsismálastofnunar um synjun á samfélagsþjónustu var vísað til stofnunarinnar til meðferðar að nýju. Alls er því um 293 umsóknir alls að ræða en 218 á árinu 2000. Þegar litið er til þess að óskilorðsbundnum refsingum, allt að 6 mánuðum, fækkar milli áranna 2000 og 2001 er fjölgunin meiri en tölurnar gefa til kynna.

Súlurit 1 sýnir fjölda umsókna um samfélagsþjónustu frá upphafi.

**Súlurit 1**
**Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 - 2001**




Súlurit 2a sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 637 slíkar umsóknir borist Fangelsismálastofnun árin 1995-2001. Samþykktar hafa verið 432 umsóknir eða tæplega 68% en rúmlega 32% hefur verið synjað eða umsóknir dregnar til baka.

Súlurit 2b sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 249 umsóknir borist Fangelsismálastofnun árin 2000 og 2001. Samþykkt hefur verið 161 umsókn eða tæplega 65% en rúmlega 35% hefur verið synjað eða umsóknir dregnar til baka.

**Súlurit 2a**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 – 2001**



**Súlurit 2b**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar árin 2000 - 2001**




Af súluritum 3a og 3b má sjá ástæður fyrir því að samfélagsþjónustuumsóknum er hafnað.

**Súlurit 3a**
**Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 - 2001**



**Súlurit 3b**
**Ástæður synjana á umsóknum um samfélags-þjónustu í stað vararefsinga árin 2000 og 2001**




Súlurit 4 sýnir fjölda þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs, alls 532, þar af 420 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Þá sýnir súluritið fjölda þeirra dómþola sem veitt var samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar sem hafði áður afplánað þannig refsingu í fangelsi.

**Súlurit 4**
**Fjöldi þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta árin 1995 – 2001 innan hvers árs**



Af súluriti 5 sést hvernig samfélagsþjónustu lýkur innan hvers árs, þ.e.a.s. hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa. Að meðaltali rjúfa 12% dómþola skilyrði samfélagsþjónustu og afplána þeir eftirstöðvar refsingar í fangelsi eða greiða upp eftirstöðva sekta, en 88% ljúka samfélagsþjónustu.

## Súlurit 5
## Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði samfélagsþjónustu innan hvers árs




Af súluriti 6 sést að óskilorðsbundnir refsivistardagar sem eru afplánaðir í samfélagsþjónustu er svipaður og árið 2000. Fjöldi vararefsingadaga sem afplánaðir eru með samfélagsþjónustu hefur hækkað töluvert milli ára.

## Súlurit 6
## Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardaga sem afplánaðir eru með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1996 - 2001



## III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 2001 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.432 dómar. Frá ríkissaksóknara bárust 1.383 dómar og 49 frá Hæstarétti Íslands. Þá bárust stofnuninni 462 viðurlagaákvarðanir og 5.148 árituð sektarboð.

Tafla 1.1. sýnir að í heild hefur refsingum fjölgað frá árinu á undan, en sú fjölgun er tilkomin vegna fjölgunar á skilorðsbundnum refsingum og sektarrefsingum og hafa ekki fleiri slíkar refsingar borist Fangelsismálastofnun á viðmiðunartímabilinu. Heldur færri óskilorðsbundnar refsingar bárust til fullnustu á árinu 2001 en á árinu 2000. Samanlagður fjöldi þeirra hefur þó verið ótrúlega jafn öll árin, ef 1999 er undanskilið, eða um 300 refsingar. Heildarrefsitími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga hefur þó aukist verulega eins og sést af töflu 5, en hann hefur hækkað um 40 ár frá árinu 2000 og um rúm 100 ár frá árinu 1999. Einkum er það fjölgun dóma þar sem refsing er löng sem mestu máli skiptir í þessu sambandi. Föngum fjölgaði því verulega á milli áranna 2000 og 2001 eins og spáð var fyrir um í síðustu ársskýrslu Fangelsismálastofnunar. Nánar verður vikið að fangafjölda síðar.

Á árinu bárust 17 refsingar þar sem frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tafla 1.2 sýnir m.a. að síðustu þrjú árin hafa einungis borist 3 dómar þar sem ungmenni á aldrinum 15-17 ára hafa verið dæmd til óskilorðsbundinnar refsivistar og engin refsing barst á árinu 2001 þar sem ungmenni var dæmt til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar.

**Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989 – 2001**




Töflur 2.1 og 2.2. sýna m.a. að heldur fleiri fangar afplána refsingu í lok árs 2001 en árin á undan, en á móti eru færri í gæsluvarðhaldi. Svipað hlutfall dómþola er á reynslulausn en færri að afplána refsingu með samfélagsþjónustu.

Tafla 3a sýnir að enginn fangi á aldrinum 16-17 ára lauk afplánun eða var í afplánun um síðustu áramót. Þá hefur föngum á aldrinum 18-20 ára einnig fækkað frá árinu á undan. Elstu föngunum hefur einnig fækkað verulega. Fjölgun hefur hins vegar orðið hjá aldurshópnum 21-30 ára.

Tafla 3b sýnir að fjöldi samfélagsþjóna hefur heldur aukist frá árinu á undan. Nánar er fjallað um samfélagsþjónustu í kafla III.2 hér að framan.

Tafla 4a sýnir fjölda fanga, eftir afbrotum, sem luku afplánun á árunum 1997-2001 eða voru í afplánun um hver áramót. Föngum sem afplána fyrir fíkniefnabrot fjölgar enn og eru þeir nú rúmlega 29% af heildarfjölda. Geta má þess að árið 1996 (sjá ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1996) var fjöldi þessara fanga um 13% af heildinni. Þá fjölgar heldur föngum dæmdum fyrir manndráp á milli ára. Þeir voru nú rúm 6,3 % af heildinni, eða 16, en árið 1996 voru þeir 6 eða 1,4% af heildinni. Af þessari töflu má sjá að föngum sem afplána refsingu fyrir alvarleg brot hefur fjölgað hlutfallslega en hinum aftur á móti fækkað. Ef árið 1996 er tekið til samanburðar kemur í ljós að það ár voru 64,5% fanga dæmdir fyrir umferðarlagabrot eða auðgunarbrot, en árið 2001 var þessi tala um 48,1%. Skýringin er að hluta til sú að fullnusta óskilorðsbundinna dóma með samfélagsþjónustu er að mestu leyti bundin við einstaklinga sem dæmdir eru fyrir umferðarlaga- eða auðgunarbrot. Hér fyrir neðan má sjá fjölda útlendinga og tilefni fangavistar þeirra.

**Fjöldi útlendinga sem lauk afplánun óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga eða voru í afplánun um áramótin árin 1996 – 2001**




**Tilefni fangavistar útlendinga sem luku afplánun eða voru í afplánun um áramótin árin 1996 – 2001**



Tafla 4b sýnir afbrot þeirra sem luku samfélagsþjónustu eða voru í samfélagsþjónustu um hver áramót í stað þess að afplána refsinguna í fangelsi. Eins og sjá má af töflunni er í lang flestum tilvikum um að ræða refsingu fyrir umferðarlagabrot og auðgunarbrot.

**Fjöldi óskilorðsbundinna refsinga, sem barst til fullnustu árin 1989 – 2001**




**Heildarrefsitími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga (í árum talið) sem barst til fullnustu árin 1989 – 2001**




Af töflu 5 má sjá að heildarrefsitími sem barst til fullnustu var á árinu 2001 rúm 241 ár og hefur ekki verið hærri á viðmiðunartímabilinu. Af eldri ársskýrslum Fangelsismálastofnunar má sjá að heildarrefsitími sem stofnuninni berst til fullnustu hefur aldrei verið hærri frá því að Fangelsismálastofnun tók til starfa árið 1989. Næst flest fangelsisár bárust til fullnustu árið 1994, en þá voru þau 217, sjá nánar um þróunina á súluritinu hér að framan.

Tafla 6a sýnir fjölda dómþola sem hóf samfélagsþjónustu á árunum 1997-2001. Fjöldinn er nánast sá sami síðustu tvö árin. Meðaltalsdagafjöldi refsinga að baki samfélags-

þjónustu er um 60 dagar og hefur verið svo síðustu árin. Síðustu tvö árin hafa rúmlega 85% samfélagsþjóna staðist skilyrði þau sem sett eru fyrir fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu, 87,4% ef aðeins er litið til samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar. Verður það að teljast góður árangur.

Í töflu 6b er sýnd kynjaskipting dómþola sem hefja samfélagsþjónustu og eru konur þar í miklum minnihluta eða um 3-13% þegar um er að ræða samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar viðmiðunarárin, en hluti kvenna í fangahópnum hefur verið á bilinu 4-8% eins og sjá má af töflu 7d. Hlutfall kvenna sem hefja samfélagsþjónustu í stað vararefsingar er hærra eða 13,5-18,3%.

**Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989 - 2001**




Töflur 7a-d sýna eingöngu þá fanga sem lokið hafa afplánun á hverju ári en þeim fjölgaði talsvert frá árinu á undan. Sjá annars um þróunina á þessu sviði á súluritinu hér á undan. Af töflunni má einnig sjá að meiri hluti þeirra sem ljúka afplánun hafa afplánað refsingu áður og að mikill meiri hluti fanga afplánar skemur en eitt ár.

**Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag árin 1989 – 2001**



Töflur 8a-e sýna heildarafplánun á landinu bæði í fangelsum og utan þeirra. Eins og sjá má af töflu 8a hækkar fjöldi afplánunardaga frá árinu á undan í öllum fangelsunum nema á Akureyri og er 6.397 dögum hærri á árinu 2001 en árinu 2000. Afplánaður dagafjöldi á áfangaheimili Verndar er svipaður á milli ára svo og hjá SÁÁ. Afplánun á öðrum sjúkrastofnunum jókst verulega. Af þessu leiðir að fangafjöldi er mun meiri en árið á undan. Tafla 8b sýnir að gæsluvarðhaldsföngum fækkar nokkuð frá árinu á undan en hafði þá verið í algjöru hámarki. Tafla 8c sýnir fjölgun vararefsingarfanga. Tafla 8d sýnir að meðaltalsfjöldi allra fanga á dag í öllum fangelsum var 107,2 fangar á árinu 2001 en var árið á undan 92,3 fangar. Meðaltalsfjöldi fanga í fangelsum á hverja 100.000 íbúa fór úr 32,6 föngum í 37,4.

**Fjöldi þeirra sem hefja afplánun óskb. refsingar
eða vararefsingar, gæsluvarðhald,
samfélagsþjónustu í stað
óskb. refsingar og vararefsingar innan hvers árs**




Tafla 9 sýnir niðurfallna refsivist árin 1997 – 2001. Refsing telst ekki niður fallin fyrr en skilorðstíminn er liðinn eða óafplánaðar eftirstöðvar dæmdar upp. Þannig geta tölur samkvæmt töflu þessari tekið breytingum.

Tafla 10 sýnir að svipað margar reynslulausnir hafa verið veittar á síðustu árum.

Töflur 11 og 12 sýna annars vegar heildarfjölda skilorðsbundinna refsinga og hins vegar sektarrefsinga á síðustu fimm árum eftir brotum. Sáralitlar breytingar hafa orðið á milli ára.

Tafla 13 sýnir fjölda dómþola sem dæmdir hafa verið í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu eftir brotum.

**Tafla 1.1**

## TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1997 – 2001

| | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 255 | 260 | 216 | 254 | 259 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 7 | 2 | 10 | 18 | 7 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist . . . . | 37 | 43 | 28 | 39 | 34 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 2 | 0 | 4 | 2 | 2 |
| Skilorðsbundin refsivist . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 289 | 359 | 290 | 334 | 382 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 69 | 61 | 84 | 69 | 58 |
| Skilorðsbundin sekt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0 | 3 | 1 | 0 | 1 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið . . . . . . . . . . | 35 | 61 | 50 | 44 | 40 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt . . . . . . | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Sekt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 441 | 627 | 617 | 639 | 691 |
| Samtals dómþolar: . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1138 | 1417 | 1301 | 1399 | 1474 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. viðurlagaákvörðun . . . . . . . . . | 408 | 568 | 479 | 525 | 481 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. árituðu sektarboði . . . . . . . . . | | 1753 | 5100 | 4760 | 5148 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum árin 1997 – 2001

| | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist . . . . | 1 | 5 | 4 | 1 | 4 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0 | 18 | 10 | 8 | 12 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0 | 3 | 0 | 2 | 1 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið . . . . . . . . . . | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| Samtals dómþolar: . . . . . . . . . . . . . . . . | 3 | 26 | 15 | 12 | 17 |

**Tafla 1.2**

# TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1997 – 2001

| | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist | 1 | 5 | 0 | 1 | 0 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 2 | 4 | 1 | 1 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 47 | 57 | 31 | 42 | 41 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 14 | 18 | 4 | 17 | 4 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 11 | 29 | 12 | 11 | 9 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Sekt | 19 | 20 | 17 | 19 | 22 |
| Samtals dómþolar: | 95 | 134 | 66 | 91 | 76 |
| Sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðun | 18 | 23 | 25 | 23 | 12 |
| Sektarrefsing samkvæmt árituðu sektarboði | | 60 | 117 | 124 | 97 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp v/skilorðsrofs | 25 | 26 | 13 | 9 | 9 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp án skilorðsrofs | 5 | 9 | 4 | 2 | 1 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum árin 1997 – 2001 og dómþolar eru á aldrinum 15-17 ára við uppkvaðningu dóma

| | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist + skilorðsbundin refsivist | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 0 | 7 | 2 | 1 | 2 |
| Skilorðsbundin refsivist + sekt | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| Samtals dómþolar: | 1 | 8 | 4 | 2 | 2 |

## Tafla 2.1

### SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐS-BUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Í afplánun | 88 | 27,3 | 94 | 33,3 | 78 | 29,4 | 82 | 29,6 | 97 | 32,0 |
| Í boðun | 55 | 17,0 | 33 | 11,7 | 49 | 18,5 | 59 | 21,3 | 65 | 21,5 |
| Í samfélagsþjónustu | 7 | 2,2 | 20 | 7,1 | 19 | 7,2 | 22 | 7,9 | 14 | 4,6 |
| Á reynslulausn | 164 | 50,9 | 128 | 45,4 | 114 | 43,0 | 112 | 40,4 | 124 | 40,9 |
| Með náðun | 8 | 2,5 | 2 | 0,7 | 3 | 1,1 | 2 | 0,8 | 3 | 1,0 |
| Annað* | 0 | 0,0 | 5 | 1,8 | 2 | 0,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| | 322 | 100,0 | 282 | 100,0 | 265 | 100,0 | 277 | 100,0 | 303 | 100,0 |

* Oftast er um fullnustu erlendis að ræða.

## Tafla 2.2

### SKIPTING DÓMÞOLA SEM AFPLÁNA VARAREFSINGU FÉSEKTA OG FJÖLDI ÞEIRRA SEM SÆTA GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1997 – 2001

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Í samfélagsþjónustu í stað vararefsingar | - | - | - | 30 | 12 |
| Í vararefsingu fésekta | 7 | 2 | 4 | 4 | 7 |
| Með náðun á sektarrefsingar | - | - | - | 5 | 2 |
| Í gæsluvarðhaldi | 19 | 6 | 16 | 19 | 9 |

**Tafla 3**

## a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 16-17 ára | 2 | 0,6 | 3 | 1,1 | 2 | 0,9 | 1 | 0,5 | 0 | 0,0 |
| 18-20 ára | 21 | 6,8 | 20 | 7,5 | 13 | 5,6 | 20 | 9,1 | 15 | 5,9 |
| 21–25 ára | 84 | 27,0 | 59 | 22,0 | 43 | 18,4 | 45 | 20,5 | 74 | 29,1 |
| 26–30 ára | 57 | 18,3 | 47 | 17,5 | 42 | 17,9 | 44 | 20,1 | 60 | 23,6 |
| 31–35 ára | 52 | 16,7 | 45 | 16,8 | 42 | 17,9 | 25 | 11,4 | 27 | 10,6 |
| 36–40 ára | 38 | 12,2 | 33 | 12,3 | 38 | 16,2 | 36 | 16,4 | 41 | 16,1 |
| 41–50 ára | 35 | 11,3 | 41 | 15,3 | 42 | 17,9 | 37 | 16,9 | 32 | 12,6 |
| 51– | 22 | 7,1 | 20 | 7,5 | 12 | 5,1 | 11 | 5,0 | 5 | 2,0 |
| | 311 | 100,0 | 268 | 100,0 | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 | 254 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 31,89 | | 32,89 | | 33,26 | | 32,58 | | 30,83 | |

## b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 18-20 ára | 1 | 1,8 | 6 | 6,6 | 3 | 3,8 | 4 | 4,0 | 6 | 5,8 |
| 21–25 ára | 13 | 23,6 | 22 | 24,2 | 25 | 31,6 | 25 | 25,3 | 28 | 26,9 |
| 26–30 ára | 10 | 18,2 | 16 | 17,6 | 17 | 21,5 | 22 | 22,2 | 19 | 18,3 |
| 31–35 ára | 7 | 12,7 | 14 | 15,4 | 9 | 11,4 | 11 | 11,1 | 9 | 8,7 |
| 36–40 ára | 6 | 10,9 | 9 | 9,9 | 5 | 6,3 | 10 | 10,1 | 9 | 8,7 |
| 41–50 ára | 14 | 25,5 | 17 | 18,7 | 16 | 20,3 | 19 | 19,2 | 25 | 24,0 |
| 51– | 4 | 7,3 | 7 | 7,7 | 4 | 5,1 | 8 | 8,1 | 8 | 7,7 |
| | 55 | 100,0 | 91 | 100,0 | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 | 104 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 34,74 | | 32,56 | | 31,93 | | 33,46 | | 33,26 | |

Tafla 4

## a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Manndráp/tilraun til manndráps | 7 | 2,3 | 10 | 3,7 | 10 | 4,3 | 13 | 5,9 | 16 | 6,3 |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 136 | 43,7 | 102 | 38,1 | 93 | 39,7 | 76 | 34,7 | 83 | 32,7 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 38 | 12,2 | 37 | 13,8 | 30 | 12,8 | 43 | 19,6 | 39 | 15,4 |
| Fíkniefnabrot | 57 | 18,3 | 54 | 20,1 | 55 | 23,5 | 55 | 25,1 | 75 | 29,5 |
| Kynferðisbrot | 26 | 8,4 | 28 | 10,4 | 22 | 9,4 | 10 | 4,6 | 14 | 5,5 |
| Ofbeldisbrot | 33 | 10,6 | 27 | 10,1 | 19 | 8,1 | 15 | 6,8 | 22 | 8,7 |
| Brenna | 1 | 0,3 | 1 | 0,4 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 13 | 4,2 | 9 | 3,4 | 5 | 2,1 | 7 | 3,2 | 5 | 2,0 |
| | 311 | 100,0 | 268 | 100,0 | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 | 254 | 100,0 |

## b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFS., RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 3 | 5,5 | 16 | 17,6 | 11 | 13,9 | 9 | 9,1 | 11 | 10,6 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 49 | 89,1 | 61 | 67,0 | 57 | 72,2 | 70 | 70,7 | 82 | 78,8 |
| Fíkniefnabrot | 1 | 1,8 | 5 | 5,5 | 6 | 7,6 | 6 | 6,1 | 7 | 6,7 |
| Kynferðisbrot | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldisbrot | 1 | 1,8 | 5 | 5,5 | 4 | 5,1 | 10 | 10,1 | 3 | 2,9 |
| Annað | 1 | 1,8 | 3 | 3,3 | 1 | 1,3 | 4 | 4,0 | 1 | 1,0 |
| | 55 | 100,0 | 91 | 100,0 | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 | 104 | 100,0 |

**Tafla 5**

## FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDS-REFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1997 – 2001*

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 30 dagar og styttra | 73 | 24,3 | 68 | 22,3 | 53 | 20,5 | 77 | 24,6 | 79 | 26,2 |
| Yfir 30 dagar t.o.m. 3 mánuðir | 93 | 30,9 | 121 | 39,7 | 105 | 40,7 | 127 | 40,6 | 105 | 34,8 |
| Yfir 3 mán. t.o.m. 6 mánuðir | 45 | 15,0 | 43 | 14,1 | 38 | 14,7 | 46 | 14,7 | 46 | 15,2 |
| Yfir 6 mán. t.o.m. 12 mánuðir | 49 | 16,3 | 37 | 12,1 | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 | 31 | 10,3 |
| Yfir 12 mán. t.o.m. 36 mánuðir | 29 | 9,6 | 26 | 8,5 | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 | 27 | 8,9 |
| Yfir 36 mánuðir | 12 | 4,0 | 10 | 3,3 | 6 | 2,3 | 13 | 4,2 | 14 | 4,6 |
| Fjöldi refsinga: | 301 | | 305 | | 258 | | 313 | | 302 | |
| Heildarrefsitími: | 208 ár og 1 mán. | | 191 ár og 7 mán. | | 142 ár og 1 mán. | | 202 ár | | 241 ár og 4 mán. | |

* Varðhaldsrefsingar voru felldar úr gildi með lögum nr. 82 frá 16. júní 1998

**Tafla 6**

## a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Veitt samfélagsþjónusta | 49 | 84 | 60 | 80 | 82 |
| Veitt samfélagsþjónusta í stað vararefsinga | | | | 52 | 60 |
| Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu í stað óskb. refs.. | 2.310 | 4.710 | 3.645 | 4.747 | 4.835 |
| Meðaltal | 47,1 | 56,1 | 60,8 | 59,3 | 59,0 |
| Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu í stað vararefsinga | | | | 3.280 | 2.997 |
| Meðaltal | | | | 63,1 | 50,0 |

## b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Í stað óskb. fang. refsingar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar | 46 | 95,1 | 73 | 86,9 | 53 | 88,3 | 74 | 92,5 | 79 | 96,3 |
| Konur | 3 | 4,9 | 11 | 13,1 | 7 | 11,7 | 6 | 7,5 | 3 | 3,7 |
| | 49 | 100,0 | 84 | 100,0 | 60 | 100,0 | 80 | 100,0 | 82 | 100,0 |
| *Í stað vararefsingar:* | | | | | | | | | | |
| Karlar | | | | | | | 45 | 86,5 | 49 | 81,7 |
| Konur | | | | | | | 7 | 13,5 | 11 | 18,3 |
| | | | | | | | 52 | 100,0 | 60 | 100,0 |

## Tafla 7

# FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1997 – 2001

### a) Ástæða losunar

| | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | | 2001: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Afplánað að fullu | 87 | 39,0 | 71 | 40,8 | 54 | 34,6 | 54 | 39,1 | 54 | 34,4 |
| Veitt reynslulausn | 134 | 60,1 | 99 | 56,9 | 98 | 62,8 | 83 | 60,1 | 100 | 63,7 |
| Veitt náðun | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,6 |
| Frestun á afplánun | 1 | 0,4 | 0 | 0,0 | 2 | 1,3 | 1 | 0,7 | 2 | 1,3 |
| Andlát | 0 | 0,0 | 3 | 1,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fullnusta flutt erlendis | 1 | 0,4 | 1 | 0,6 | 2 | 1,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 |

### b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður

| | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | | 2001: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Fyrsta afplánun | 105 | 47,1 | 84 | 48,3 | 75 | 48,1 | 63 | 45,7 | 69 | 43,9 |
| Afplánað áður | 118* | 52,9 | 90* | 51,7 | 81* | 51,9 | 75* | 54,3 | 88* | 56,1 |
| | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 |

* Viðmiðunartími nær aðeins til ársins 1989

### c) Lengd afplánunar

| | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | | 2001: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Eitt ár eða skemur | 189 | 84,8 | 154 | 88,5 | 128 | 82,1 | 118 | 85,5 | 132 | 84,1 |
| Lengur en eitt ár | 34 | 15,2 | 20 | 11,5 | 28 | 17,9 | 20 | 14,5 | 25 | 15,9 |
| | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 |

### d) Skipting eftir kynjum

| | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | | 2001: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar | 213 | 95,5 | 160 | 92,0 | 150 | 96,2 | 132 | 95,7 | 146 | 93,0 |
| Konur | 10 | 4,5 | 14 | 8,0 | 6 | 3,8 | 6 | 4,3 | 11 | 7,0 |
| | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 |

**Tafla 8**

# DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1997 – 2001 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1997 – 2001

| **a) Fjöldi afplánunardaga** | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 2791 | 2993 | 2780 | 2325 | 3046 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 23048 | 20333 | 18376 | 15767 | 20227 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 4867 | 4546 | 4239 | 4258 | 4898 |
| Fangelsið Akureyri | 1442 | 2030 | 1188 | 1415 | 1218 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 2984 | 3326 | 2409 | 2210 | 2443 |
| Barnaverndarstofa | 3 | 0 | 199 | 146 | 155 |
| Áfengis- og fíkniefnameðferð | 1156 | 527 | 737 | 618 | 744 |
| Vernd | 2858 | 2474 | 2468 | 2636 | 2606 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 212 | 522 | 783 | 1294 | 1729 |
| Heildarfjöldi afplánunardaga | 39358 | 36751 | 33179 | 30669 | 37066 |

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á dag í öllum fangelsum | 96,3 | 91,0 | 79,4 | 71,0 | 87,2 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 35,4 | 33,1 | 28,5 | 25,1 | 30,5 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,4 | 0,4 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í meðferð á dag | 3,2 | 1,4 | 2,0 | 1,7 | 2,0 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Vernd á dag | 7,8 | 6,8 | 6,8 | 7,2 | 7,1 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag | 0,6 | 1,4 | 2,1 | 3,5 | 4,7 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga samtals á dag | 107,8 | 100,7 | 90,9 | 83,8 | 101,6 |
| Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 39,6 | 36,6 | 32,6 | 29,6 | 35,5 |

| **b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga** | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 1143 | 414 | 404 | 657 | 106 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 2674 | 3150 | 2781 | 4869 | 4432 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 0 | 0 | 0 | 174 | 0 |
| Fangelsið Akureyri | 176 | 2 | 57 | 207 | 66 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 555 | 132 | 428 | 981 | 697 |
| Barnaverndarstofa | 0 | 0 | 0 | 142 | 0 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 94 | 5 | 0 | 0 | 214 |
| Heildarfjöldi gæsluvarðhaldsdaga | 4642 | 3703 | 3670 | 7030 | 5515 |

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á dag í öllum fangelsum | 12,5 | 10,1 | 10,1 | 18,8 | 14,5 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í öllum fang. á dag á hverja 100.000 íbúa | 4,6 | 3,7 | 3,6 | 6,7 | 5,1 |
| Meðaltalsfjöldi fanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,4 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,6 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga samtals á dag | 12,7 | 10,1 | 10,1 | 19,2 | 15,1 |
| Meðaltalsfjöldi allra gæsluvarðhaldsfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 4,7 | 3,7 | 3,6 | 6,8 | 5,3 |

| **c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta** | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 283 | 875 | 611 | 332 | 527 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 424 | 1507 | 73 | 190 | 558 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 0 | 0 | 147 | 0 | 0 |
| Fangelsið Akureyri | 153 | 453 | 187 | 138 | 438 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 317 | 342 | 654 | 262 | 460 |
| Barnaverndarstofa | | | | | 22 |
| Vernd | 0 | 116 | 100 | 229 | 481 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 0 | 12 | 1 | 0 | 12 |
| Heildarfjöldi vararefsingardaga | 1177 | 3305 | 1773 | 1151 | 2498 |

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag í öllum fangelsum | 3,2 | 8,7 | 4,6 | 2,5 | 5,5 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 1,2 | 3,2 | 1,6 | 0,9 | 1,9 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag Barnaverndarstofu | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,1 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag hjá Vernd | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,6 | 1,3 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, samtals á dag | 3,2 | 9,1 | 4,9 | 3,1 | 6,8 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag á hverja 100.000 íbúa | 1,2 | 3,3 | 1,7 | 1,1 | 2,4 |

**d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag**

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* | *2001:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Í öllum fangelsum | 111,9 | 109,9 | 94,1 | 92,3 | 107,2 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga í öllum fangelsum á hverja 100.000 íbúa | 41,1 | 39,9 | 33,8 | 32,6 | 37,4 |
| Á Barnaverndarstofu | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,8 | 0,5 |
| Í meðferð | 3,2 | 1,4 | 2,1 | 1,9 | 2,1 |
| Hjá Vernd | 7,8 | 7,1 | 7,0 | 7,8 | 8,5 |
| Á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum | 0,8 | 1,5 | 2,1 | 3,5 | 5,4 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga | 123,7 | 119,9 | 105,9 | 106,4 | 123,6 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga samtals á dag á hverja 100.000 íbúa | 45,5 | 43,6 | 38,0 | 37,6 | 43,2 |

**e) Nýting**

| | *1997: %* | *1998: %* | *1999: %* | *2000: %* | *2001: %* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 72,2 | 73,3 | 65,0 | 56,6 | 63,0 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 82,3 | 78,7 | 66,9 | 65,4 | 79,4 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 95,2 | 89,0 | 85,8 | 86,5 | 95,9 |
| Fangelsið Akureyri | 53,9 | 75,6 | 43,6 | 53,4 | 52,4 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 88,0 | 86,9 | 79,7 | 78,6 | 82,2 |

## Tafla 9

## NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* |
| Reynslulausn | 209 | 24780 | 144 | 18435 | 115 | 19081 | 101 | 13109 | 101 | 14899 |
| Eftirstöðvar reynslulausnar dæmdar upp | 75 | 5338 | 36 | 3164 | 50 | 5979 | 22 | 2973 | 15 | 2020 |
| Náðun | 5 | 755 | 7 | 932 | 1 | 175 | 2 | 445 | 0 | 0 |
| Fyrning | 2 | 69 | 2 | 736 | 1 | 30 | 1 | 90 | | |
| Andlát dómþola | 6 | 270 | 9 | 1948 | 1 | 30 | 0 | 0 | 1 | 60 |
| Samtals: | 297 | 31212 | 198 | 25215 | 168 | 25295 | 126 | 16617 | 117 | 16979 |

**Tafla 10**

## VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1997 – 2001

| | *1997:* Fjöldi | *%* | *1998:* Fjöldi | *%* | *1999:* Fjöldi | *%* | *2000:* Fjöldi | *%* | *2001:* Fjöldi | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veittar reynslulausnir á 1/2 ..... | 59 | 43,4 | 51 | 51,0 | 33 | 33,0 | 47 | 54,0 | 42 | 42,4 |
| Veittar reynslulausnir á 2/3 ..... | 77 | 56,6 | 49 | 49,0 | 67 | 67,0 | 40 | 46,0 | 57 | 57,6 |
| Veittar reynslulausnir alls: ...... | 136 | 100,0 | 100 | 100,0 | 100 | 100,0 | 87 | 100,0 | 99 | 100,0 |

| | 1997: | 1998: | 1999: | 2000: | 2001: |
|---|---|---|---|---|---|
| Eftirstöðvar refsinga sem reynslulausnir voru veittar af, í dögum ........ | 21964 | 16869 | 18172 | 19766 | 17757 |
| Meðaltalseftirstöðvar í dögum ........ | 161,5 | 168,7 | 181,7 | 227,2 | 179,4 |

**Tafla 11**

## SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1997 – 2001
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals .... | 188 | 47,5 | 248 | 51,1 | 192 | 45,1 | 232 | 51,9 | 248 | 51,6 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 50 | 12,6 | 38 | 7,8 | 28 | 6,6 | 28 | 6,3 | 26 | 5,4 |
| Fíkniefnabrot ................ | 19 | 4,8 | 20 | 4,1 | 24 | 5,6 | 44 | 9,8 | 35 | 7,3 |
| Kynferðisbrot ................ | 10 | 2,5 | 10 | 2,1 | 7 | 1,6 | 10 | 2,2 | 10 | 2,1 |
| Ofbeldisbrot ................. | 76 | 19,2 | 123 | 25,4 | 91 | 21,4 | 77 | 17,2 | 83 | 17,3 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir ............ | 4 | 1,0 | 4 | 0,8 | 13 | 3,1 | 0 | 0,0 | 2 | 0,4 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum ............... | 4 | 1,0 | 2 | 0,4 | 10 | 2,3 | 4 | 0,9 | 11 | 2,3 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi ........ | 1 | 0,3 | 10 | 2,1 | 12 | 2,8 | 8 | 1,8 | 13 | 2,7 |
| Áfengis- og tollalög ........ | 4 | 1,0 | 0 | 0,0 | 3 | 0,7 | 4 | 0,9 | 4 | 0,8 |
| Annað ........................ | 40 | 10,1 | 30 | 6,2 | 46 | 10,8 | 40 | 8,9 | 49 | 10,2 |
| | 396 | 100,0 | 485 | 100,0 | 426 | 100,0 | 447 | 100,0 | 481 | 100,0 |

**Tafla 12**

## SEKTARDÓMAR ÁRIN 1997 – 2001
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals | 2 | 0,5 | 10 | 1,6 | 17 | 2,8 | 27 | 4,2 | 31 | 4,5 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 326 | 73,9 | 461 | 73,5 | 425 | 68,9 | 415 | 64,9 | 460 | 66,6 |
| Fíkniefnabrot | 38 | 8,6 | 43 | 6,9 | 43 | 7,0 | 58 | 9,1 | 68 | 9,8 |
| Kynferðisbrot | 0 | 0,0 | 3 | 0,5 | 1 | 0,2 | 4 | 0,5 | 1 | 0,1 |
| Ofbeldisbrot | 16 | 3,6 | 32 | 5,1 | 30 | 4,9 | 22 | 3,4 | 29 | 4,2 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir | 1 | 0,2 | 2 | 0,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 | 2 | 0,3 | 9 | 1,4 | 8 | 1,2 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi | 7 | 1,6 | 4 | 0,6 | 14 | 2,3 | 7 | 1,1 | 8 | 1,2 |
| Áfengis- og tollalög | 9 | 2,0 | 19 | 3,0 | 19 | 3,1 | 21 | 3,3 | 17 | 2,5 |
| Fiskveiðibrot | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 |
| Annað | 40 | 9,1 | 52 | 8,3 | 65 | 10,5 | 75 | 11,8 | 69 | 10,0 |
| | 441 | 100,0 | 627 | 100,0 | 617 | 100,0 | 639 | 100,0 | 691 | 100,0 |

**Tafla 13**

## ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1997 – 2001
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Manndráp | 2 | 0,7 | 4 | 1,3 | 0 | 0,0 | 4 | 1,3 | 4 | 1,3 |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 111 | 36,9 | 95 | 31,1 | 92 | 35,7 | 82 | 26,2 | 80 | 26,5 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 95 | 31,6 | 107 | 35,1 | 107 | 41,5 | 131 | 41,9 | 120 | 39,7 |
| Fíkniefnabrot | 40 | 13,3 | 40 | 13,1 | 30 | 11,6 | 60 | 19,2 | 63 | 20,9 |
| Kynferðisafbrot | 12 | 4,0 | 18 | 5,9 | 7 | 2,7 | 6 | 1,9 | 6 | 2,0 |
| Ofbeldisbrot | 29 | 9,6 | 27 | 8,9 | 14 | 5,4 | 18 | 5,8 | 15 | 5,0 |
| Annað | 12 | 4,0 | 14 | 4,6 | 8 | 3,1 | 12 | 3,8 | 14 | 4,6 |
| | 301 | 100,0 | 305 | 100,0 | 258 | 100,0 | 313 | 100,0 | 302 | 100,0 |

## III. 4. FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM - VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ

### A. Fésektir samkvæmt dómum

Á árinu bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu 758 sektarrefsingar, þar sem dómþolar voru dæmdir til greiðslu fésektar, samtals kr. 288.450.000. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík sektardóma til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2001 nam kr. 293.598.000. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir að fjárhæð kr. 2.085.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum. Heildarfjárhæð sekta sem sendar voru til fullnustu á árinu nam því kr. 295.683.000.

### B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum

Á árinu fól stofnunin lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumönnum að innheimta sakarkostnað að fjárhæð kr. 100.650.653.

Sakarkostnaður að fjárhæð kr. 268.298 var sendur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um innheimtu á Norðurlöndum. Heildarsakarkostnaður sem sendur var til innheimtu á árinu 2001 nam kr. 100.918.951.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt dómum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 2001 námu alls kr. 396.601.951.

### C. Viðurlagaákvarðanir

Á árinu barst Fangelsismálastofnun 481 sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðunum. Námu fjárhæðir sektarrefsinganna samtals kr. 47.460.500. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík viðurlagaákvarðanir til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2001 nam kr. 57.153.500. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti var send sekt að fjárhæð kr. 25.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum. Heildarfjárhæð sakarkostnaðar til innheimtu samkvæmt viðurlagaákvörðunum þessum nam kr. 9.545.217.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt viðurlagaákvörðunum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 2001 námu alls kr. 66.723.717.

### D. Árituð sektarboð

Á árinu 2001 bárust Fangelsismálastofnun 5.148 sektarrefsingar samkvæmt sektarboðum, árituðum í dómstólum til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Nam fjárhæð sektarrefsinganna samtals kr. 43.800.986. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík áritanir þessar til birtingar og fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2001 nam kr. 57.888.200. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir samkvæmt árituðum sektarboðum að fjárhæð kr. 86.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum.

Af þeim sem fengu árituð sektarboð á árinu höfðu tæplega 45% brotið gegn 37. gr. umferðarlaga (fyrir of hraðan akstur) sem eru heldur fleiri en árið áður, tæplega 28% gegn 67. gr. umferðarlaga (vanrækt að hafa fært ökutæki til skoðunar) sem eru töluvert færri en árið áður, tæplega 19% gegn 48. gr. (fyrir að hafa ekki haft ökuskírteini meðferðis) sem eru svipað og árið áður og tæplega 7% fyrir 71. gr. umferðarlaga (fyrir að hafa ekki notað öryggisbelti), sama hlutfall og árið áður. Tekið skal fram að brotin geta bæði verið gegn einstökum lagagreinum og fleiri en einni. Brot gegn öðrum lagagreinum eru færri.

**Helstu brot að baki árituðum sektarboðum í % talið árin 1999 – 2001**




# IV. ÁKÆRUFRESTANIR

Á árinu 2001 birti Fangelsismálastofnun 97 einstaklingum skilorðsbundna frestun ákæru sem er svipaður fjöldi og næstu tvö ár á undan. Súluritið sýnir fjölda ákærufrestana á Stór-Reykjavíkursvæðinu frá 1989. Ákærufrestunum er einkum beitt út af brotum sem einstaklingar á aldrinum 15-21 árs hafa framið og játning liggur fyrir. Skilorðstíminn er yfirleitt 1-2 ár og hefur frá upphafi verið starfandi sérstakur fulltrúi hjá Fangelsismálastofnun sem hefur haft með málefni þessa hóps að gera. Mikilvægt þykir að hægt sé að grípa fljótt inn í gang mála þegar unglingar eru að hefja sinn brotaferil. Öll eru þessi ungmenni boðuð til viðtals í Fangelsismálastofnun. Foreldrar þeirra sem eru undir 18 ára aldri eru boðaðir með börnum sínum. (Sjá nánari umfjöllun um skilorðseftirlit síðar í ársskýrslunni.)

Töflur 13-18 sýna afbrot þessara ungmenna og ýmsar aðrar tölulegar upplýsingar um félagslegar aðstæður þeirra.

## Fjöldi ákærufrestana árin 1989 - 2001




## Kyn ákærufrestunarþola árin 1989 - 2001



**Tafla 14**

## AFBROT

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Innbrot og þjófnaður | 52 | 61,90 | 9 | 69,23 | 61 | 62,89 |
| Skjalafals | 1 | 1,19 | 1 | 7,69 | 2 | 2,06 |
| Fjársvik/fjárdráttur | 3 | 3,57 | 2 | 15,38 | 5 | 5,15 |
| Líkamsárás | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| Skemmdarverk | 1 | 1,19 | 0 | 0,00 | 1 | 1,03 |
| Nytjastuldur | 20 | 23,81 | 1 | 7,69 | 21 | 21,65 |
| Annað | 3 | 3,57 | 0 | 0,00 | 3 | 3,09 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

**Tafla 15**

## NÁM OG STARF

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnulaus | 6 | 7,14 | 1 | 7,69 | 7 | 7,22 |
| Í námi | 44 | 52,38 | 4 | 30,77 | 48 | 49,48 |
| Í námi og vinnu | 6 | 7,14 | 4 | 30,77 | 10 | 10,31 |
| Í vinnu | 24 | 28,57 | 4 | 30,77 | 28 | 28,87 |
| Vantar upplýsingar | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

**Tafla 16**

## ALDUR

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15 ára | 14 | 16,67 | 0 | 0,00 | 14 | 14,43 |
| 16 ára | 30 | 35,71 | 4 | 30,77 | 34 | 35,05 |
| 17 ára | 26 | 30,95 | 6 | 46,15 | 32 | 32,99 |
| 18 ára | 7 | 8,33 | 3 | 23,08 | 10 | 10,31 |
| 19 ára | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| 20 ára | 1 | 1,19 | 0 | 0,00 | 1 | 1,03 |
| 22 ára | 2 | 2,38 | 0 | 0,00 | 2 | 2,06 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

**Tafla 17**

## BÚSETA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 51 | 60,71 | 6 | 46,15 | 57 | 58,76 |
| Nágrannabæir | 33 | 39,29 | 7 | 53,85 | 40 | 41,24 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

**Tafla 18**

## MENNTUN

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki lokið skyldunámi | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| Er í skyldunámi | 12 | 14,29 | 0 | 0,00 | 12 | 12,37 |
| Skyldunám | 59 | 70,24 | 13 | 100,00 | 72 | 74,23 |
| Verkmenntun | 1 | 1,19 | 0 | 0,00 | 1 | 1,03 |
| Annað nám | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| Vantar upplýsingar | 4 | 4,76 | 0 | 0,00 | 4 | 4,12 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

**Tafla 19**

## HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Annað foreldri látið | 2 | 2,38 | 0 | 0,00 | 2 | 2,06 |
| Báðir foreldrar látnir | 1 | 1,19 | 0 | 0,00 | 1 | 1,03 |
| Foreldrar ekki í sambúð | 36 | 42,86 | 8 | 61,54 | 44 | 45,36 |
| Foreldrar í sambúð | 44 | 52,38 | 5 | 38,46 | 49 | 50,52 |
| Vantar upplýsingar | 1 | 1,19 | 0 | 0,00 | 1 | 1,03 |
| | 84 | 100,00 | 13 | 100,00 | 97 | 100,00 |

# V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Frá því um mitt ár 1996 hafa tveir sálfræðingar starfað í fullu starfi á vegum fangelsiskerfisins. Annar hjá Fangelsismálastofnun og hinn í Fangelsinu Litla-Hrauni. Starfssvið þeirra er margþætt en felst aðallega í því að veita föngum, aðstandendum þeirra sem og öðrum skjólstæðingum stofunarinnar alhliða sálfræðiþjónustu. Til viðbótar hafa sálfræðingarnir sinnt fræðslu til starfsmanna, kennslu við fangavarðaskólann, rannsóknarvinnu á sviði afbrota sem og ráðgjöf innan stofnunarinnar.

Sálfræðiviðtöl við fanga hafa ætíð verið veigamesti þátturinn í starfi sálfræðinganna. Eftirspurnin er mikil og að öllu jöfnu sinna sálfræðingarnir 25-30 viðtölum á viku. Í flestum tilvikum eru það fangarnir sjálfir sem óska eftir viðtali við sálfræðing en einnig hafa komið ábendingar frá fangavörðum, ættingjum fanga, læknum og hjúkrunarfræðingum sem starfa í fangelsunum sem og öðrum starfsmönnum innan fangelsiskerfisins. Öll sálfræðimeðferð sem veitt er byggist á einstaklingsmeðferð sem hefur þann kost að hægt er að sérsníða meðferðina að þörfum hvers og eins. Þetta meðferðarform reynist vel sérstaklega þegar um er að ræða flókin og margþætt vandamál.

Árið 2000 hóf Cand. Psych. nemi við sálfræðiskor Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands starfsþjálfun hjá stofnuninni. Lauk nemandinn starfsþjálfun sinni innan stofnunarinnar á árinu 2001 og í framhaldi af því var hann ráðinn í fullt starf yfir sumarið hjá stofnuninni.

Um haustið var sálfræðingi Fangelsismálastofnunar veitt árs leyfi og var sálfræðingur við Fangelsið Litla-Hraun ráðinn tímabundið í starfið og ráðinn sálfræðingur tímabundið í starfið á Litla-Hraun.

Undirbúningur að nýju rannsóknarverkefni var hafinn á árinu. Ætlunin er að kanna andlegt ástand fanga, líðan þeirra, hvatvísi og persónuleikaeinkenni. Samskonar rannsókn hefur ekki verið gerð áður hérlendis og er rannsóknin unninn í samvinnu við fræðimenn erlendis, dr. Gísla H. Guðjónsson réttarsálfræðing við Háskólann í London og dr. Susan Young klíniskan sálfræðing við Háskólann í London.

# SKILORÐSEFTIRLIT

## Inngangur

Grein þessi fjallar um skilorðseftirlit. Byrjað verður á að gera stutta grein fyrir sögu skilorðseftirlits hér á landi en vikið síðar að hlut Fangelsismálastofnunar ríkisins, markmiði eftirlitsins og hvernig framkvæmd þess er háttað. Í niðurlagi greinarinnar verður svo litið til framtíðar og komið inn á nokkra þætti er styrkja mætti í skilorðseftirliti hér á landi.

## Ágrip af sögu skilorðseftirlits á Íslandi

### *1. Skilorðseftirlit ríksins*

Skilorðseftirlit ríkisins tók formlega til starfa þann 1. desember 1974 sbr. 14. gr. laga nr. 38 frá 1973 um fangelsi og vinnuhæli.[1] Má segja að fram að þeim tíma hafi einungis verið vísir að skilorðseftirliti hér á landi, þrátt fyrir að heimild hafi verið í almennum hegningarlögum frá 1940, til að setja skilyrði um umsjón og eftirlit með þeim er dæmdir voru skilorðsbundið eða fengu skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar.[2]

Árið 1949 stofnaði Oscar Clausen, rithöfundur, Fangahjálpina og vann að því að aðstoða fanga er veitt hafði verið náðun skilorðsbundið, ásamt því að hafa eftirlit með einstaklingum er veitt hafði verið reynslulausn eða hlotið höfðu skilorðsbundna dóma. Nokkrum árum síðar eða 1955, þegar heimilað var að fresta ákæru skilorðsbundið[3], kom það einnig í hlut Oscars að annast eftirlit með einstaklingum í þeim sporum. Þann 1. febrúar 1960 tóku félagasamtökin Vernd til starfa, en þau voru stofnuð að tilstuðlan Kvenréttindafélags Íslands árið áður. Vernd var falið eftirlit, af hálfu dómsmálaráðuneytisins, með þeim einstaklingum sem m.a. höfðu hlotið skilorðsbundna náðun, enda einn tilgangur samtakanna að sinna eftirliti með fólki sem afplánað hafði fangelsisrefsingu, hlotið hafði skilorðsbundna dóma eða ákærufrestun. Eftirlitið með hinum síðastnefndu fór þó aldrei yfir til Verndar heldur var það áfram í höndum Oscars Clausen, allt þar til Skilorðseftirlit ríkisins var sett á laggirnar í árslok 1974.

Hlutverk Skilorðseftirlits ríkisins var fyrst og fremst að annast umsjón og eftirlit með þeim sem frestað hafði verið ákæru gegn, dæmdir höfðu verið skilorðsbundið eða hafði verið veitt reynslulausn eða náðun skilorðsbundið. Fylgst var með högum þeirra sem voru undir eftirliti, en jafnframt var þeim veitt aðstoð, t.d. með því að hafa milligöngu um atvinnu og húsnæði. Þá var séð til þess að þeir nytu þeirrar félagslegu þjónustu sem bæði sveitarfélög og aðrar stofnanir og félagasamtök buðu upp á. Skilorðseftirlitið kom einnig að félagslegri þjónustu við fanga í afplánun, en sú þjónusta var þó á þessum tíma fyrst og fremst í höndum félagasamtakanna Verndar. Á vegum Verndar voru reglubundnar heimsóknir í fangelsin þar sem föngum var kynnt starfsemi samtakanna, veittar ýmsar upplýsingar, t.d. hvernig standa skyldi að reynslulausnarbeiðnum og þeir undirbúnir á ýmsan hátt til að takast á við lífið úti í samfélaginu. Einnig studdi Vernd fjölskyldur þeirra sem voru í afplánun.

Þegar Skilorðseftirlit ríkisins var starfrækt sem sérstök stofnun hafði það lengst af aðsetur í húsinu Gimli við Lækjargötu. Upphaflega starfaði þar forstöðumaður og ritari

---

[1] Sjá einnig reglugerð nr. 20/1974 en þar er kveðið á um stjórn stofnunarinnar og starfsemi
[2] Sjá 56. og 30. gr. alm. hgl. nr. 19 frá 1940
[3] Heimildin kom vegna breytinga á hegningarlögum með lögum nr. 22 frá 1955

í hálfu starfi en þegar leið á starfstímann voru starfsmennirnir orðnir þrír í fullu starfi. Í Gimli hafði skrifstofa Verndar einnig aðsetur, ásamt fangapresti þjóðkirkjunnar og sálfræðingi, sem heyrði beint undir fangelsismáladeild dómsmálaráðuneytisins. Samkomulag um samstarf var á milli allra þessara aðila, sem án efa hefur skilað sér í betri og þá ekki síður markvissari þjónustu við skjólstæðinga stofnunarinnar.

***2. Breytingar í kjölfar nýrra laga***

Árið 1989 tók ný stofnun, Fangelsismálastofnun ríkisins, til starfa. Í kjölfar þess var Skilorðseftirlit ríkisins lagt niður þar sem hin nýja stofnun tók yfir verkefni Skilorðseftirlitsins jafnframt því að taka við meginverkefnum fangelsismáladeildar dómsmálaráðuneytisins. Fangelsismálastofnun var sett á laggirnar í kjölfar heildarúttektar á fangelsismálum í landinu og endurskoðunar laga og reglna þar að lútandi.[4]

Á fyrstu starfsárum Fangelsismálastofnunar var henni skipt upp í tvær deildir, fullnustudeild og félagsmáladeild. Fullnustudeildin sá um fullnustu refsidóma en verksvið félagsmáladeildar var umsjón og eftirlit með þeim sem frestað var ákæru gegn, dæmdir voru skilorðsbundið, fengu skilorðsbundna reynslulausn eða náðun. Einnig kom það í hlut félagsmáladeildar að annast félagslega þjónustu við fanga, en með tilkomu Fangelsismálastofnunar átti að efla þá þjónustu sérstaklega. Á tímabili störfuðu innan félagsmáladeildar 4 starfsmenn ásamt sálfræðingi sem einnig sinnti sálfræðiþjónustu úti í fangelsunum. Nú hefur verið horfið frá þessari deildarskiptingu og starfa nú sérfræðingar stofnunarinnar hver á sínu sviði og heyra þeir beint undir forstjóra hennar. Þá hafa bæði verkaskipting og áherslur í starfi Fangelsismálastofnunar breyst í áranna rás.

***3. Núverandi staða***

Umfang skilorðseftirlits Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur aukist mjög undanfarin ár. Fyrst ber að geta að þegar samfélagsþjónusta var tekin upp sem refsiúrræði hér á landi[5], kom það í hlut Fangelsismálastofnunar að annast fullnustu óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga með samfélagsþjónustu og þar með talið að fara með yfirumsjón eftirlits með samfélagsþjónum á meðan samfélagsþjónusta stendur yfir. Þá hefur umfang skilorðseftirlitsins einnig aukist með tilkomu samkomulags Fangelsismálastofnunar og félagasamtakanna Verndar um vistun fanga á áfangaheimili samtakanna í Reykjavík. Samkomulag var gert við Vernd á grundvelli heimildar í 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist þar sem fram kemur að stofnunin geti leyft dómfelldum manni að vera vistaður að hluta eða allan refsitímann á stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár. Samkomulagið var upphaflega undirritað þann 6. desember 1994 og er markmið þess að veita ákveðnum hópi refsidæmdra manna tækifæri til að afplána hluta refsitímans, án þess vera sviptir frelsi að öllu leyti og þar með skólavist, atvinnu og eðlilegum fjölskyldutengslum. Fangelsismálastofnun sinnir eftirliti með föngum er ljúka afplánun á Vernd ásamt húsverði og framkvæmdastjóra Verndar.

**Skilorðseftirlit Fangelsismálastofnunar – markmið og framkvæmd**

Í dag má skipta skilorðseftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins niður í fimm svið:

1. *Eftirlit með ungmennum sem ákæru hefur verið frestað gegn.*

---

[4] Sbr. lög nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, sem tóku gildi þann 1. janúar 1989

[5] Sbr. lög nr. 55/1994 um samfélagsþjónustu, sem tóku gildi 1. júlí 1995

2. *Eftirlit með einstaklingum sem veitt hefur verið reynslulausn eða náðun skilorðsbundið í tiltekinn tíma.*
3. *Eftirlit með einstaklingum sem dæmdir hafa verið skilorðsbundið og frestun á fullnustu refsingarinnar er bundin sérstökum skilyrðum samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga.*
4. *Eftirlit með þeim sem afplána óskilorðsbunda fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu.*
5. *Eftirlit með einstaklingum sem afplána fangelsisrefsingu á Áfangaheimili Verndar.*

Hér á eftir fer nánari útlistun á framkvæmd eftirlitsins og markmiðum.

***1. Eftirlit með ungmennum sem ákæru hefur verið frestað gegn***

